

4. Tannsmíði.
5. Tannfylling.

102
2. nóv.

Prófið er munnlegt og verklegt (tvöföld einkunn).

Eigi má líða lengur en þrjú kennslumissiri milli undirbúningsprófs og fyrsta hluta, þrjú kennslumissiri milli fyrsta og annars og sex kennslumissiri milli annars og þriðja hluta. Ef lengra líður á milli, eru undangengnir prófhlutar ógildir. Undanþágu má veita, ef stúdent hefur verið veikur, enda sé það staðfest af lækni háskólans.

Fyrsti og annar hluti embættisprófs í læknisfræði jafngildir fyrsta og öðrum hluta prófs í tannlæknisfræði. Nái stúdent eigi 2. einkunn lakari í handlæknisfræði og tannholds- og beinhimnusjúkdómum, stentz hann eigi prófið.

Þetta birtist hér með þeim, er hlut eiga að máli.

Menntamálaráðuneytið, 2. nóvember 1949.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

FORSETA BRÉF

103
29. nóv.

um breyting á forsetabréfi 11. júlí 1944, um hina íslenzku fálkaorðu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra fellst ég á eftirfarandi breytingu á forsetabréfi frá 11. júlí 1944, um hina íslenzku fálkaorðu:

Aftan við 6. gr. bætist:

Keðjan, ásamt stórkrossstjórnunni, er jafnframt æðsta stig orðunnar, og ber stórmeistari það einn íslenzkra manna. Stórmeistari getur sæmt þjóðhöfðingja annarra ríkja þessu stigi orðunnar.

Gjört i Reykjavík, 29. nóvember 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.